

**Samskipti stjórnar Vorstehdeildar við Ræktunar- og Staðlanefnd HRFÍ vegna endurskoðunar á 10. Kafla „skilyrði ræktunar einstakra hundakynja“ úr reglum HRFÍ um skráningu í ættbók**

---

18.04.2020

Kæra stjórn Vorstehdeildar

Ræktunar- og staðlanefnd hefur unnið að endurskoðun á 10. kafla reglna um ættbókarskráningu, „skilyrði ræktunar einstakra hundakynja“. Vegna ástandsins í samfélaginu hefur ekki verið hægt að halda fundi til þess að ræða við allar deildir og sendum við því okkar tillögur til stjórnar deildarinnar.

Við óskum eftir svörum frá ykkur varðandi þessar tillögur eigi síðar en 24. apríl næst komandi.

Tegund: German wire-haired pointing dog

Tillaga: Lagt er til að bæta við kröfu um niðurstöðu úr DNA prófi vegna vonWillebrand type 2

Kveðja

f.h. ræktunar- og staðlanefndar,  
Erna Sigríður

---

28.04.2020

Kæra Ræktunar- og staðlanefnd

Við biðjumst velvirðingar á seinum svörum.

Stjórn Vorsteh deildar hefur fjallað um málið og er einróma samþykkt tillögu nefndarinnar að setja kröfu um DNA test á German Wirehaired Pointer vegna vonWillebrand type 2.

Eins leggur stjórn Vorstehdeildar fram eftirfarandi tillögu:

Tegund: German Wirehaired pointer

German Shorthaired pointer

Tillaga: Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun. Greinist hundur með mjaðmalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók.

Þarna horfum við til nágrannalanda okkar og kröfur ræktunarklúbba tegundanna í Noregi, Svíþjóð og Danmörku sem eins og hér á Íslandi gera kröfu á tegundirnar um að mjaðmir séu myndaðar fyrir þörun.

Þessar kröfur samræmast einnig sérreglum annarra tegunda hjá HRFÍ þar sem krafa er um niðurstöðu mjaðmamynda fyrir þörun.

Reglur um mjaðmamyndir hjá NKK, DKK og SKK.

German Wirehaired pointer:

Noregur: krafa um HD fri (A eða B) samkvæmt RAS (Rasespesifikk avlsstrategi)

Danmörk: Almenna HD reglan er að nota ekki D og E. (hægt að fá undanþágu á hundi með HD greiningu D eða E í ræktun ef ræktandinn telur að framlag hundsins til kynsins verði jákvætt. Móthundur verður þó alltaf að vera HD-frí (stig A eða B))

Svíþjóð: Almenna HD reglan er að nota ekki D og E. Afkvæmi undan D og E hundum fá ættbók með avelssperre (ræktunarbann sem ekki er hægt að aflétta)\*

German Shorthaired pointer:

Noregur: krafa um HD fri (A eða B) samkvæmt RAS (Rasespesifikk avlsstrategi)

Danmörk: Almenna HD reglan mælir gegn notkun hundum með HD greiningu D og E. Þó til séu undanþáguákvæði.

Svíþjóð: Almenna HD reglan er að nota ekki D og E. Afkvæmi undan D og E hundum fá ættbók með avelssperre (ræktunarbann sem ekki er hægt að aflétta)\*

\*smkv. Bréfi frá SKK ,, Skrivelse avseende avel med hundar diagnosticerade med HD-grad C" (2016-09-12) Varðandi notkun á hundum með einkunninna C á mjaðmir var niðurstaða klúbbsins að ekki þætti vænlegt að útiloka notkun á hundum með C mjaðmir en að horfa þurfi til beggja foreldra frekar en annars hundsins í þeim tilfellum.

Kveðja

f.h. Vorstehdeildar

Sigrún Guðlaugardóttir

---

07.05.2020

Eftirfarandi gleymdist að senda með í póstinum, afsakið það:

Úr 10. kafla, greinar 2, 4, 5 og 7:

2. Sé annað ekki tekið fram, er lágmarksaldur hunda í mjaðma- og olnbogamyndatöku 12 mánuðir. Röntgenmyndir af mjöðmum og olnbogum hunda eru sendar til Noregs eða Svíþjóðar. Einnig er hægt að senda myndir til OFA í Bandaríkjunum til aflesturs, en þá verða hundarnir að hafa náð 2ja ára aldri. Fyrir þann aldur er aðeins um bráðabirgða niðurstöður að ræða sem ekki eru viðurkenndar. Varanlegt auðkenni myndaðara hunda skal staðfest af dýralækni/starfsmanni dýralæknastofu við myndatöku. Hundeigendur þurfa að senda niðurstöður til skrifstofu HRFÍ. Niðurstöður mjaðma- og olnbogamynda eru skráðar í ættbók. Um öll hundakyn gildir að greinist hundur með alvarlegt mjaðma- eða olnbogalos, E (AD gráða 3), fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Séu hundar með mjaðmalos C eða D gráðun (AD

gráðun 1 eða 2), mega þeir aðeins parast með hundum með A eða B gráðun (AD gráðun 0). Sækja má um undanþágu frá þessu til stjórnar HRFÍ vegna íslenska fjárhundsins, telji Deild íslenska fjárhundsins þörun kyninu til framdráttar.

4. HRFÍ stendur reglulega fyrir augnskoðunum dýralækna með sérþekkingu á augnsjúkdómum hunda, og skráir niðurstöður þeirra í ættbók. Þar sem augnskoðun ræktunardýra er krafa, gildir nema annað sé tekið fram, að vottorð skal ekki vera eldra en 25 mánaða við þörun.

Um öll hundakyn gildir að greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA), hvaða gerð sem er, er hann settur í ræktunarbann og fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Að sama skapi eru foreldrar, systkini og áður skráð afkvæmi hundsins sett í ræktunarbann, nema sýnt sé fram á með DNA prófi að hundarnir séu ekki sýktir af neinu PRA afbrigði sem þekkt er í tegundinni. Þekktan PRA bera má einungis para við arfhreinan hund.

5. Eftirfarandi gildir nema annað sé tekið fram í sérreglum tegunda: Bera má einungis nota í ræktun á móti fríum hundum. Í þeim tilvikum þar sem báðir foreldrar eru með DNA niðurstöður fríir (Normal/Clear, N/C), telst afkvæmi arfhreint fyrir þeirri gerð (Normal/Clear by Parentage, N/C/P). DNA prófa þarf næstu kynslóð á eftir.

7. Þar sem krafist er hnéskeljavottorðs undaneldisdýra, gildir nema annað sé tekið fram að dýralæknir skal votta um heilbrigði hnéskelja fyrir þörun, þ.m.t. gráðun á losi ef um slíkt er að ræða. Vottorð gefið út fyrir ræktunardýr undir tveggja ára aldri gildir í eitt ár, vottorð tveggja ára ræktunardýrs gildir ævilangt.

Kveðja

Erna

---

12.05.2020

Kæra Ræktunar- og staðlanefnd

Stjórn Vorsteh fagnar því að það verði gert að almennri reglu að ekki sé hægt að nota C mjaðmir á móti C, en sammælist um vilja til að heimila ekki notkun á Vorsteh hundum með niðurstöðuna D á mjöðmum. Stjórn Vorstehdeildar óskar eftir því að endurskoðuð verði tillaga hennar varðandi bann við notkun á hundum með niðurstöðuna D í mjöðmum í sérákvæðum fyrir German Wirehaired Pointer og German Shorthaired Pointer.

Við horfum til nágretta okkar í SKK, DKK og NKK varðandi notkun á

hundum með mjaðmaniðurstöður D og E. Og horfum sérlega til þess að D og E er ekki notað til ræktunar í Þýskalandi sem er upprunaland tegundanna. Tíðni mjaðmaloss er lítil innan þessa tegunda hérlandis og almennt góð og er það álit stjórnar að það komi ekki niður á tegundunum hérlandis að útiloka notkun á hundum með D-niðurstöður í mjöðmum. Vorsteh tegundirnar eru vinnuhundar og er hátt hlutfall þeirra nýtt til veiða og vinnu hérlandis við krefjandi aðstæður og telur stjórn mikilvægt að leggja auka áherslu á niðurstöður úr mjaðmamyndatökum með það í huga.

Kveðja  
f.h. Vorstehdeildar  
Sigrún Guðlaugardóttir

---

Sitjandi stjórn:

Guðmundur Pétursson

Sigurður A. Vilhjálmsson

Sigrún Guðlaugardóttir

Díana Sigurfinnsdóttir